

# Starfsleyfi

## til handa fiskeldisstöð Íslandsbleikju hf., Öxnalæk í Ölfusi

kt: 610406-1060

*Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.*

### **1. Almenn ákvæði**

- 1.1 Heimil ársframleiðsla er allt að 100 tonn á laxa seiðum og takmarkast losun á mengunarefnum og hreinsuðu fráveituvatni einnig við starfsemi innan þeirra marka. Starfsleyfið tekur ekki til losunar efna af lista I, sbr. viðauka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- 1.2 Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3 Umhverfisstofnun er skylt að endurskoða starfsleyfi þetta reglulega sbr. IX kafla reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 1.4 Frágangur lóðarinnar skal vera snyrtilegur og í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar. Á öllu athafnarsvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis og skal öllum úrgangi komið fyrir samkvæmt fyrirmælum Umhverfisstofnunar. Um umgengnisreglur, sótthreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5 Sé þess óskað, er stöðinni skylt að gefa Umhverfisstofnun árlega skýrslu um eftirfarandi atriði: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu. Sama á við um efni af lista II, sbr. viðauka í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Um skýrslugerð vegna eldisframleiðslu fer að öðru leyti samkvæmt 69. gr. laga nr. 76/1970, með síðari breytingum, um lax- og silungsveiði.
- 1.6 Um meðferð og frágang olíutanka og búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 35/1994, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 1.7 Beita skal góðum starfsháttum við rekstur stöðvarinnar. Það felur í sér m.a.:  
a) Orka skal vel nýtt, b) Dregið skal með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. c) gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

### **2. Varnir gegn mengun umhverfis**

- 2.1 Beita skal bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina. Besta fánlega tækni við mengunarvarnir fyrir seiða- og fiskeldi með losun í ferskvatn er sú tækni

sem tryggir að ákvæði 3. kafla starfsleyfisskilyrðanna séu uppfyllt. Með hreinsibúnaði skal tryggt að uppfyllt séu ákvæði 3. kafla starfsleyfisins og markmiðum um ástand viðtaka sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

- 2.2 Þannig skal gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu sbr. 64. og 65. gr. laga nr. 76/1970, með síðari breytingum, um lax- og silungaveiði.
- 2.3 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og siturlögn. Um fyrirkomulag og staðsetningu rotþróa skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.
- 2.4 Stöðinni er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Mengunarvarnarbúnaður vegna hættulegra efna skal vera samþykktur af Umhverfisstofnun.
- 2.5 Stöðinni er skylt að sjá um að hindraður sé aðgangur vargfugls og annarra villtra dýra að hreinsivirki stöðvarinnar og úrgangi stöðvarinnar.
- 2.6 Samþykktur hreinsibúnaður skal vera kominn í rekstur fyrir fráveituvatn stöðvarinnar fyrir 1. janúar 2004 og fyrirtækið uppfylli skilyrði 2.1 starfsleyfisskilyrðanna fyrir 31. október 2007.
- 2.7 Fyrirtækið geri lýsingu á tæknilegum forsendum við búnaðinn fyrir 1. júní 2002 og tímasetta áætlun um framkvæmdir, sem Umhverfisstofnun samþykkir, þ. á. m. um hönnunarforsendur, staðsetningu og rekstur. Ennfremur um áætlað vatnsrennsli um hann og álag mengunarefna.
- 2.8 Auðvelt skal vera að komast að safnþró fyrir seyru til að dæla úr henni, og skal það gert þegar safnrými seyru er fyllt, en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Seyru skal komið fyrir á viðurkenndan móttökustað. Heimilt er að nýta seyru sem áburð á tún að fengnu leyfi eftirlitsaðila.
- 2.9 Ef í ljós kemur óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar sbr. ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, er skylt að gera ráðstafanir til úrbóta þ. m. t. að koma á viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, eða draga úr framleiðslu.

### **3. Losunarmörk og gæðamarkmið**

- 3.1 Eftirfarandi hámarks magn mengandi efna sem losuð eru í viðtaka skulu gilda:  
Efnasambönd fosfórs: 7 kg P/framleitt tonn  
Efnasambönd köfnunarefnis: 60 kg N/framleitt tonn.  
Ef fyrir liggur fullnægjandi úttekt á því hversu mikla mengun viðtakinn þolir m.t.t. fosfórs og köfnunarefnis getur Umhverfisstofnun heimilað rýmri mörk en hér greinir.
- 3.2 Stöðinni er skylt að sjá um að frágangur við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, sé ekki:  
  
-Set eða útfellingar

- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

- 3.3 Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda utan þynningarsvæðis:

Hámarkshitabreyting af völdum frárennslis: 2 °C

Súrefnismettun, lágmark: 70%

má ekki fara undir 6 mg O<sub>2</sub>/l

50% af tímanum yfir 9 mg O<sub>2</sub>/l

Sýrustig, pH: 6 - 9

Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5

Ammoníak NH<sub>3</sub>: Minna en 0,025 mg /l

Súrefnisnotkun BOD<sub>5</sub>: hæst 4 mg O<sub>2</sub> /l (= COD: 20 mg O<sub>2</sub> /l)

HOCl: Hæst 0,004 mg /l

Olíur og fitur: olíubrák má ekki sjást.

Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg /l.

#### 4. Eftirlit

- 4.1 Umsjónarmaður stöðvarinnar skal annast innra eftirlit með framleiðslu stöðvarinnar og halda skrá yfir helstu atriði sem máli skipta varðandi framleiðslu, svo sem: a) Fjölda og þyngd fiska og breytingum á þessum tölum vegna flutninga, sölu eða dauða. b) fóðurnotkun og d) Vatnsnotkun.
- 4.2 Umsjónamaður stöðvarinnar skal halda skrá yfir notkun hættulegra efna og lyfja.
- 4.3 Umsjónarmaður stöðvarinnar skal halda skrá yfir helstu atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar, svo sem: stöðvanir í rekstri búnaðar vegna hreinsunar eða annarra ástæðna. Einnig upplýsingar um tæmingu á seyru, svo sem dagsetningu, magn og um förgun seyrunnar.
- 4.4 Stöðin skal háð reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar. Sbr. reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, felur eftirlitið í sér reglubundnar skoðanir á 12 mánaða fresti, mengunarmælingar tíunda hvert ár og flokkun og mat á eftirliti fyrirtækisins sjálfs.
- 4.5 Eftirlitsaðili tekur við aðra hverja reglulega skoðun, sýni til greininga á svifögnum, köfnunarefni (heildar N) og fosfór (heildar P) og COD eða TOC. Sýni sem greind eru á kostnað fyrirtækisins eru tekin fyrir og eftir hreinsibúnað, í viðtaka og af seyru.
- 4.6 Hægt skal vera án fyrirhafnar fyrir eftirlitsaðila að koma fyrir sýnatökubúnaði og taka sýni við inntak og úttak hreinsibúnaðar. Einnig skal útfall, eða inntak hreinsibúnaðar vera þannig hannað, að eftirlitsaðili geti án fyrirhafnar mælt vatnsrennslis.
- 4.7 Fyrirtækið tilkynni Umhverfisstofnun ef verulegir erfiðleikar koma upp við rekstur hreinsibúnaðarins. Fyrirtækið geri grein fyrir orsök erfiðleikanna og lengd þeirra tímabila sem búnaðurinn er óvirkur eða hreinsihæfni hans er verulega skert.

#### 5. Gjaldskrá

- 5.1 Fyrirtækið skal greiða Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og eftirlitsaðila eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar sem umhverfisráðherra setur. Eftirlitsgjaldið skal standa undir kostnaði við eftirlit vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.

## **6. Gildistaka**

- 6.1 Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, og gildir til 20. apríl 2010. Starfsleyfi þetta gildir fyrir mengandi þætti í starfsemi fiskeldisstöðvar Íslandsbleikju hf, að Öxnalæk. Starfsemin er einnig háð útgáfu rekstrarleyfis í samræmi við 3. mgr. 62. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Verði aðilaskipti að rekstrinum þarf nýr rekstraraðili að afla sér starfsleyfis.

Reykjavík 19. apríl 2000  
Umhverfisstofnun